
Lagning ljósleiðara innan náttúruvættis Teigarhorns, Djúpavogshreppi Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 23. september 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Djúpavogshrepp og Orkusamskiptum um fyrirhugaða lagningu ljósleiðara innan friðlýsts lands Teigarhorns, Djúpavogshreppi, skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Djúpavogshrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Djúpavogur ljósleiðari um friðlýst land um Teigarhorn. Fyrirspurn um matsskyldu. Mannvit hf., september 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Djúpavogshreppi með tölvupósti dags. 20. desember 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands með tölvupósti dags. 9. desember 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti dags. 29. október 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 28. október 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 23. janúar 2020.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í framlögðum gögnum að ljósleiðari verði lagður inn á friðlýst svæði Teigarhorns við bæinn Kápugil. Leiðarinn verður lagður samsíða stofnlögn vatnsveitu Djúpavogshrepps að tengivirki við Teigarhorn þar sem hann tengist inn á núverandi ljósleiðara. Vatnslögnin var fleyguð niður á nokkrum stöðum innan friðlýsta svæðisins og fylgir vegslóði lögninni sem nýtist við fyrirhugaða lagningu ljósleiðarans.

Fram kemur að lengd ljósleiðarans innan friðlýsta svæðisins verði um 2.200 m, þar af stofnstrengur um 1.500 m og um 680 m langar heimtaugar að Kápugili og Teigarhorni. Ljósleiðarinn er að mestu innan svæðis sem friðlýst er sem fólkvangur, eða á rúmlega 2.000 m kafla. Ljósleiðara heimtaug að Teigarhorni er um 140 m innan þess svæðis sem friðlýst er sem náttúruvætti. Við leiðarvalið var tekið mið af landslagi og reynt að forðast eftir megni að fara um viðkvæm svæði.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að plægja ljósleiðarann niður og þar með lágmarka ummerki á yfirborði. Hugsanlegt er að á einhverjum stöðum innan friðlýsta svæðisins meðfram vatnslögninni þurfi að losa klöpp þar sem klapparbelti ganga þvert á lagnaleið. Umhverfisáhrif



4 UMhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Orkuskipti hf. og Djúpavogshrepps og umsögnum umsagnaraðila.

Gróðurfar

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands einkennist fyrirhugað framkvæmdasvæði helst af melgambravist. Aðrar áberandi vistgerðir eru starmóa- og mosmóavist. Vestasti hluti ljósleiðarans sem sveigir frá vatnslögninni mun þvera óraskað land sem einkennist af starungsmýra- og bugðupuntsvist sem eru vistgerðir sem hafa mjög hátt og hátt verndargildi, auk þess sem starungsmýrarvist er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Djúpavogshreppur leggur ríka áherslu á að varlega verði farið um óraskað land og reynt verði af fremsta megni að sneiða framhjá vistgerðum með hátt verndargildi. Að því gefnu telur Djúpavogshreppur að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á gróðurfar.

Jarðmyndanir, ásýnd og landslag

Fram kemur að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu vegslóðar, sumir nokkuð áberandi, og munu þeir nýtast á framkvæmdatíma. Mögulega þurfi að fleyga eða losa um klappir á stöku stað. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á þegar röskuðu svæði og verður lögð áhersla á að lagfæra öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði.

Menningarminjar

Fram kemur að fornleifar hafi verið skráðar af Fornleifafræðistofnunni á fyrirhuguðu lagnasvæði og engar fornminjar séu skráðar á lagnaleiðinni. Þá hefur minjavörður Austurlands áður gefið umsögn um framkvæmdina.

Minjastofnun hefur mælst fyrir því að heimtaugin að Teigarhorni fylgi heimreiðinni, í nú þegar röskuðu landi. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við legu heimtauga að íbúðarhúsunum tveimur á Teigarhorni með því skilyrði að gætt verði að hleðslu sem línun virðist fara í skv. hnitsetningu hennar. Leggja þarf línuna á milli þeirra hleðslu og hleðslu sem er sunnanmegin við gamla íbúðarhúsið. Taka þarf einnig fullt tillit til minja innan svæðisins og mikilvægt er að verktökum verði gerð grein fyrir þeim.

Í frekari svörum frá framkvæmdaraðila kemur fram að ljósleiðarinn verði lagður í samræmi við kröfur Minjastofnunar. Gætt verður að því við lagningu ljósleiðarans að raska ekki hleðslum eða öðrum fornminjum við Teigarhorn. Þá verður verktaki upplýstur um staðsetningu minja og þær merktar á framkvæmdatíma til að koma í veg fyrir rask.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Djúpavogshrepps skv. skipulagslögum, reglugerð um framkvæmdaleyfi auk leyfis Umhverfisstofnunar skv. lögum um náttúruvernd.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um að leggja ljósleiðara innan friðlýsts svæðis við Teigarhorn í Djúpavogshreppi. Tilgangur framkvæmdarinnar er að byggja upp ljósleiðarakerfi og tengja dreifbýli Djúpavogshrepps við ljóslögn. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10.21 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða vegna fornleifa sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda.

Framkvæmdin er ekki umfangsmikil en eins og áður segir, verður lagður ljósleiðari um 2.200 m leið, að mestu samhliða vatnslögn innan áður raskaðs svæðis. Framkvæmdin mun óhjákvæmilega raska tímabundið gróðurþekju á stuttum kafla, þar sem finna má vistgerðir sem hafa mjög hátt og hátt verndargildi. Einnig mun framkvæmdin valda raski innan friðlýst svæðis við Teigarhorn, sem nýtur verndar sem einn þekktasti fundarstaður geislasteina í heimi og fyrir jarðmyndanir og atvinnu- og menningarsögu. Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd, með þeim skilyrðum að fullt tillit verði tekið til minja innan svæðisins og verktökum verði gerð grein fyrir þeim. Skipulagsstofnun telur að rask vegna framkvæmdarinnar muni verða óverulegt þar sem lagnaleiðin er að mestu nú þegar innan raskaðs svæðis og á því ekki hafa áhrif á verndargildi svæðisins til lengri tíma litið. Framkvæmdaraðili hefur boðað að farið verði eftir skilyrðum Minjastofnunar til að koma í veg fyrir rask á minjum á svæðinu.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdarinnar verður rask á gróðri m.a. er vistgerð innan svæðisins sem hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar en ekki er að finna jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar innan framkvæmdasvæðisins. Í ljósi þess er mikilvægt að vanda framkvæmd og frágang við lagningu ljósleiðarans sökum staðsetningar framkvæmdarinnar innan svæðis sem nýtur verndar eins og áður segir og þeirrar vistgerðar sem þar er að finna. Áhrif framkvæmdarinnar munu þó að mati Skipulagsstofnunar vera óveruleg og afturkræf og líklegt að rask muni jafna sig með góðum frágangi og þeim mótvægisáðgerðum sem boðaðar eru.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 23. mars 2020.

Reykjavík, 17. febrúar 2020


Egill Þórarinnsson


Jón Smári Jónsson

